# Einn litur — og listaverk verður til

„Hugmyndirnar skapast með ýmsu móti, stundum tekur maður sér lit í hönd og þar með verður kveikjan til að verkinu. Sumir teikna ekki einu sinni upp það sem þeir ætla að gera, heldur kemur þetta af sjálfu sér.“ Eitthvað á þessa leið mæltu þær Sigrún Sverrisdóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Ragna Róbertsdóttir og Ásgerður Búadóttir þegar við litum inn á blaðamannafund á Kjarvalsstöðum í gær. Þar stóðu þær í stórræðum við að setja upp afar fjölbreytta sýningu á norrænni veflist.

Upphafið var það að þeim í Danmörku fannst veflistinni ekki nægur gaumur gefinn og tóku sig til og skrifuðu til kollega sinna í greininni. Úr því varð svo sú sýning, sem okkur er gefinn kostur á að sjá hér nú. Sýningin hefur þegar verið í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi. Héðan fer hún til Færeyja.

Norðurlandabúar hafa stundað veflist frá örófi alda, í fyrstu til að skýla limum fyrir veðri og vindum, síðar til augnayndis eða til heiðurs Guði og fylgdarliði hans,“ eins og segir m.a. í fréttatilkynningu frá sýningunni, sem nefnist „Norræn veflist“.

Slík sýning sem þessi verður haldin á þriggja ára fresti og eiga þær að gefa fyllri hugmynd um það sem er að gerast í veflist á Norðurlöndum. Félag textílhönnuða annaðist undirbúning þessarar sýningar fyrir Íslands hönd.

Ásgerður Búadóttir var fulltrúi Íslands í dómnefnd kunnáttumanna frá öllum Norðurlöndum. 665 verk bárust og 116 verk voru valin til sýningar. 16 íslenzkir veflistarmenn sendu inn verk sín en 6 voru samþykkt til sýningar og geta Íslendingar verið stoltir af því hlutfalli.

Gagnrýnendur hafa lokið miklu lofsorði á þessa sýningu og er hún án efa sú glæsilegasta sem hingað hefur komið. Listamennirnir eru alls 95, þar af 3 karlmenn. Spanna verk þeirra yfir myndvefnað, teppi, ísaum, tauþrykk, „Patchwork“teppi, macramé, rýateppi, batík, prjón, góbelín, ofinn skúlptúr og alls konar blandaða veftækni.

Sýningin stendur frá 29. janúar til 20. febrúar. Flugleiðir munu veita fólki utan af landi sérstakan helgarafslátt meðan á sýningunni stendur.

Myndarlegt blað fylgir sýningunni og breytist aðeins hausinn eftir því í hvaða landi er sýnt. Blaðið hér ber nafnið „Kjarvalsstaðir — Reykjavík“.

EVI



**Synnøve Anker Aurdal er einmitt að búa til verk fyrir Þjóðarbókhlöðuna okkar, en þetta verk nefnir hún „Rauða ballettinn“. Það er dóttir Ásgerðar, Þórunn, sem stendur þarna.**



**Sigrún Sverrisdóttir, Ásgerður Búadóttir, Þorbjörg Þórðardóttir og Ragna Róbertsdóttir hafa lagt nótt við dag við að koma myndunum á norrænu veflistarsýninguninni fyrir á Kjarvalsstöðum. Þær standa fyrir framan listaverk eftir finnsku listakonuna Irmu Kurkkasjärvi.**

# Ísland er ekki eina landið þar sem eitt hneyksli á dag kemur skapinu í lag

Varla er hægt að komast hjá því að gera samanburð á Íslandi og Frakklandi við lestur greinar eftir Edward Behr, svæðisritstjóra Newsweek í Evrópu, sem birtist í nýjasta hefti ritsins.

Í greininni „Hneykslislandið“ eru rakin nokkur hneykslismál í Frakklandi allt frá árinu 1934, og vikið að getu- og viljaleysi franskra dómstóla til að upplýsa mál sem hafa pólitíska undirtóna.

„Meira að segja minniháttar „skandalar“ deyja stundum eðlilegum dauðdaga,“ segir í grein Behr. „1972 sakaði franskur stjórnarstarfsmaður, Gabriel Aranda, franska stjórnmálamenn og kaupsýslumenn um samvinnu um verðlagningu og beitingu pólitískra áhrifa til að fá arðbæra byggingarsamninga við hið opinbera. Aranda lagði fram stafla ljósrita og var sannleiksgildi þeirra aldrei dregið í efa. Þau gáfu sterklega til kynna að hluti hagnaðarins rynni í fjárhirzlur Gaullistaflokksins.

Þótt kaldhæðnislegt sé fór það svo, að stjórnvöld höfðuðu mál gegn Aranda fyrir skjalastuld. Það var eins og að leiða Woodward og Bernstein fyrir rétt fyrir að skýra frá vitneskju sinni um Watergate — og það athyglisverðasta var að í Frakklandi virtist öllum nákvæmlega sama.“

Þetta var franska dæmið. Ef til vill þarf þó ekki að fara alla leið til Frakklands til að finna dæmi af þessu tagi. Síðastliðið haust birti Dagblaðið ítarlega greinargerð um starfsemi flugvélagsins Vængja og meintan fjárdrátt úr sjóðum félagsins. Einnig var skýrt frá dularfullum hlutabréfakaupum og sölum pólitískra samherja og samstarfsmanna.

Lögð voru fram ljósrit, sem sýndu að umræddir peningaflutningar höfðu farið fram; að löglegri stjórn félagsins hafði ekki verið gerð grein fyrir nær tuttugu milljónum króna og fleira, sem hlaut að teljast lögbrot.

Rannsóknin, sem hafin var, beindist að því að upplýsa hvernig Dagblaðið hafði komizt yfir skjölin og hverjar heimildir aðrar blaðið hefði. Engum datt í hug að hefja rannsókn á atferli nokkurra stjórnarmanna í félaginu, ekki einu sinni ríkissaksóknara. Það þótti heldur ekki athugavert að varaformaður bankaráðs Landsbanka Íslands væri með þeim gögnum, sem birt voru, sannur að fyrirhuguðum skattsvikum.

En fleira er það í grein Newsweek-ritstjórans, sem kemur kunnuglega fyrir sjónir hér á landi. Hann skrifar:

„Gullin regla, sem allar franskar ríkisstjórnir halda í heiðri þegar meiriháttar hneykslismál blasir við, er að halda því fram að árásir á þær séu af pólitískum toga spunnar Poniatowski sagði það einmitt fyrir skemmstu (um morðið á de Broglie prins). En Georges heitinn Pompidou forseti hafði gert það með mun meiri krafti 1972, þegar Aranda-málið var í hámarki. „Varið ykkur,“ sagði hann þá við fréttamenn. „Þeir sem henda skít í andlit andstæðinga sinna hitta stundum og stundum ekki, en þeir eru alltaf óhreinir á höndunum.“ Í þetta sinn gæti viðvörun Pompidous rætzt á annan veg. Almenningsálitið í Frakklandi kann enn að bresta siðgæðismat, en þegar efnahagsástandið er slæmt verður lítil þolinmæði sýnd þeim mönnum á háum stöðum, sem starfa í skugga vopna- og olíusölu, skattfríðinda og gríðarlegs ólöglegs gróða.“

-ÓV



Úr heimi kraftaverkanna:

## Grunur leikur á fjárdrætti hjá Vængjum h.f.

Víxlarnir borgaðir af Vængjum hjá Búvörudeild SÍS

Vængir borga fleiri víxla, einn tekinn úr innheimtu

Hafnar boði um nafnverðskaup — selur sjálfur á fjórföldu

90 milljón króna skuldir erlendis um áramót